

**HEILBRIGÐISNEFND  
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS  
217. fundur – 3. október 2016**

**Fundargerð**

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 3. október 2016. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 16.30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Guðmundar H. Einarssonar, sem ritaði fundargerð. Svava H. Guðmundsdóttir boðaði forföll.

Fundargerð 216. fundar frá 26. september 2016 lögð fram.

## 1 Fjárhagsáætlun 2017

Fjárhagsáætlun og starfsáætlanir ársins 2017 lagðar fram. Framkvæmdastjóri fór yfir starfsemi og starfsmannamál og kynnti tillögur að starfsskipan og starfsmannahaldi í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar komandi árs. Framlögð fjárhagsáætlun samþykkt og send sveitarfélögunum til meðferðar.

### 1.1 Samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra náttúrufræðinga

Lögð fram til kynningar fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra náttúrufræðinga frá 21. september 2016. Tekið fyrir bráðabirgðamat fyrir náttúrufræðing hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis sem byggt var á starfslýsingu starfsmanns dags. 24. nóvember 2014. Fram kom að Félag íslenskra náttúrufræðinga telur aðra starfsmenn í sama starfi hærra launasetta. Fulltrúar FÍN telja að um sé að ræða brot á jafnréttislögum þar sem um er að ræða launamun á milli kynja. Samkvæmt bráðabirgðamati frá Verkefnastofu Starfsmats er starfi náttúrufræðings raðað í takt við núverandi launasetningu hans.

### 1.2 Starfsmannamál

Fyrir liggur að starfslok eins heilbrigðisfulltrúa verða þann 31. desember n.k. og er reiknað með að í byrjun árs 2017 verði auglýstar lausar til umsóknar tvær stöður. Staða heilbrigðisfulltrúa með áherslu á matvæla- og hollustuhætti og staða eftirlitsmanns með áherslu umhverfiseftirlit, þar með talið dýrahald.

Lagt er til að ráðinn verði frá miðju ári sérfræðingur til starfa í almennu umhverfiseftirliti.

### 1.3 Gjaldskrár

Heilbrigðisnefnd leggur til að tímagjald verði kr. 13.200 og sýnatökugjald samkvæmt eftirlitsáætlun kr. 14.000. Jafnframt er lagt til að vegna hundahalds verði árlegt eftirlitsgjald kr. 12.800 (með afslætti kr. 6.400). Skráningargjald verði kr. 14.500 og kr. 18.000 eftir útrunnin frest. Fyrir bráðabirgðaskráningu er greitt hálf skráningargjald. Framkvæmdastjóra falið að útfæra gjaldskrár og senda til sveitarfélaganna.

## 2 Önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:00



Gnýr Guðmundsson



Jón Bjarni Þorsteinsson



Fjölur Sæmundsson



Jón Haukur Ingvarsson



Hörður Svavarsson